

Fundur FFM 19. febrúar 2014 klukkan 19:30

Mættir voru: Bjarnfríður, Guðrún Jóhanna, Hjörleifur og Þórey. Fjarverandi Berglind, Guðrún Ben og Íris Dröfn.

1. Farið var yfir að Vilhjálmur Anton væri ekki búin að endanlega staðfesta að hann myndi koma og vera með erindi fyrir miðstigið. BB ætlar að ræða við aðra aðila ef það gengur ekki eftir.
2. Rætt var um að meiri þörf væri á kynfræðslu fyrir elsta stig en fíkniefnaforvarnir, þar sem skólinn er búinn að vera að taka á því. Skoðað verður að styrkja fyrirlestur sem skólinn ætlar að bjóða upp á varðandi kynfræðslu. Mögulega mun hún bara verða fyrir 9. og 10. bekk, en þá munu 8. bekkingar hlýða á sama erindi og miðstigið.
3. Farið var yfir framkvæmd á verkefninu „Ég og þú, þú og ég, við tvö saman“ sem ákveðið hefur verið að bjóða upp á 6. mars fyrir 1.-2. bekk og 13. mars fyrir 3.-4. bekk frá klukkan 18:30-20:00. Ákveðið var að Hjörleifur myndi sjá um íþróttastöð og hafa samband við íþróttakennara um hvort að hann væri til í að aðstoða. Jóhanna ætlar að sjá um steinamálun, Jóhanna Guðrún ætlar að sjá um fönður og Þórey ætlar að sjá um stöð með borðspilum. Bjarnfríður ætlar að tala við myndlistakennara um hvort að hún vilji aðstoða í fönðrinu og líka að spyrjast fyrir um hvort að hægt sé að vera með salinn og íþróttahúsið á þessum tímum.

Fundi slitið klukkan 20:30

Fundargerð ritaði Bjarnfríður